

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Kjósahrepps Brynjudal



Dags eftirlits	1.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Veiðifélag Kjósahrepps	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Valdastöðum	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	680269-3789	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Magnússon	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit en rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis. Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlit í fiskeldisstöð Veiðifélags Kjósahrepps sem stendur við bakka Brynjudalsár í Brynjudal og er um að ræða fyrstu vettvangsheimsókn Umhverfisstofnunar í stöðina. Um litla seiðasleppingastöð er að ræða, sem til ársins 2014 hafði gilt starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis. Í eftirlitinu var farið yfir mikilvægi þess að rekstraraðili sækir um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili hefur verið í sambandi við Matvælastofnun um rekstrarleyfi en misvísandi skilaboð hafa borist frá eftirlitsstofnunum þar sem lagt hefur verið fyrir frumvarp um breytingu á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008 um að fiskeldisstöðvar á landi undir 20 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma séu gerðar skráningarskildar. Það þýðir að stöðin sækir ekki um rekstrarleyfi heldur fer inn í skráningarkerfi Matvælastofnunar. Þetta kerfi gildir hins vegar ekki um starfsleyfi Umhverfisstofnunar og ber rekstraraðila því að sækja um starfsleyfi svo starfsemi sé heimil í stöðinni. Sótt er um í gegnum gagnagátt Matvælastofnunar.

Árlega eru fangaðar um 8 hrygnur og tveir til þrjár hængur. Kreisting fer fram á staðnum og seiði alin til sleppingar í Laxá í Kjós. Framleiðslan er um 10.000 seiði á ári. 10 ker eru í stöðinni, um 2.000L hvert og er klakaðstaða innaf eldissalnum. Fóður er geymt innandyra í eldissal. Fóðrað er með klukkufóðrurum og er stöðinni sinnt daglega.

Stöðin er staðsett í skemmu við bakka Brynjudalsár og rennur frárennslið frá stöðinni niður um 100m langan skurð sem þjónar stöðinni sem settjörn og þaðan út í Brynjudalsá. Ekki er önnur hreinsun við frárennslið. Vatn í stöðina kemur úr brunni sem staðsettur er í hlíðinni fyrir ofan stöðina sem og úr uppsprettu sem er um 40°C heit. Sleppitjarnir við Laxá eru 4 talsins og sleppt er að jafnaði á vorin.

Engin lyfja- eða efnanotkun er í stöðinni önnur en hreinsiefni við kerjapvott.

Gengið var um stöðina og lóð hennar. Stöðin er snyrtileg á að líta og ekki eru gerðar athugasemdir um ástand hennar.

Frávik frá

Lýsing á frávik

6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis. Skv. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka II hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.


ANNAD

Áhættumat 2021, vegna tíðni eftirlits var fyllt út við eftirlit.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.09.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir

